

Afgreiddar lyfjaávisanir ópióíða. Staðan 2021

Ópióíðar falla í flokk ávana- og fíknilyfja en langtíma notkun þeirra getur valdið því að notandinn verður háður lyfjunum vegna vanabindingar eða líkamlegrar fíknar. Auk þess að vera mjög ávana-bindandi, geta of stórir skammtar ópióíða verið lífshættulegir vegna bælandi áhrifa sem þeir hafa á þann hluta heilans sem stýrir öndun. Of stórir skammtar geta því valdið öndunarstoppi og dauða.

Í ljósi ofangreinds, sem og vegna eftirlitsskyldu embættis landlæknis með ávisunum lækna og tannlækna á ávana- og fíknilyf, hefur grannt verið fylgst með ávisunum á lyf í þessum flokki.


Þróun í afgreiðslu lyfjaávisana á ópióíða á Íslandi

Eftir nokkurra ára samdrátt í notkun ópióíða má sjá lítilsháttar fjölgun einstaklinga sem leystu út lyfjaávisun á ópióíða árið 2021 eða frá því að vera


Upplýsingar um lyfjaávisanir og afgreiðslur byggja á gögnum úr lyfjagagnagrunni embættis landlæknis sem inniheldur upplýsingar um allar afgreiðslur lyfjaávisana. Til einföldunar er með „notkun“ átt við það sem afgreitt er í lyfjabúðum.

Sölutölur frá Lyfjastofnun eru notaðar við samanburð á lyfjanotkun milli landa.

Sölutölur endurspeglar því heildarnotkun ópióíða í hverju landi, innan jafnt sem utan heilbrigðisstofnana.



Mynd 1. Fjöldi einstaklinga á hverja 1.000 íbúa sem leysti út a.m.k. eina ávisun af lyfjum sem innihalda ópióíða (ATC flokkur N02A og R05DA20), greint eftir kyni, 2013-2021. Heimild: Lyfjagagnagrunnur og Hagstofa Íslands (meðalmannfjöldi).



Mynd 2. Fjöldi einstaklinga á hverja 1.000 íbúa sem leysti út a.m.k. 1 ávisun á ári af ópióíðum (ATC flokkur N02A og R05DA20) greint eftir aldersflokkum, 2013-2021. Heimild: Lyfjagagnagrunnur og Hagstofa Íslands (meðalmannfjöldi).

Efni: bls.
Afgreiddar lyfjaávisanir ópióíða.
Staðan 2021 1

Ritstjórn
Sigríður Haralds Elínardóttir sviðsstjóri, ábm.
Védís Helga Eiríksdóttir

Ritstjóri
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Embætti landlæknis

Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími 510 1900
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is



16. árgangur. 3. tölublað. Mars 2022


157/1.000 íbúa 2020 í 166/1.000 íbúa 2021 (mynd 1). Þetta samsvarar því að ríflega 61 þúsund einstaklingar hafi leyst út að minnsta kosti eina ávísun á ópíóíða á árinu 2021 samanborið við ríflega 57 þúsund árið áður.

Sem fyrr er umtalsverður munur á notkun ópíóíða eftir kyni og eru konur meirihluti notenda. Árið 2021 leystu 19,6% kvenna (196/1.000 konur) út ávísun á ópíóíða samanborið við 13,8% karla (138/1.000 karla) (mynd 1).

Notkun ópíóíða vex með hækkandi aldri en árið 2021 leystu ríflega 35% einstaklinga (364/1.000 íbúa) yfir áttræðu út ávísun á ópíóíða. Nokkur aukning varð á notkun ópíóíða árið 2021 í öllum aldursflokkum, að undanskildum yngsta aldurshópnum þar sem notkun ópíóíða er óveruleg (mynd 2).

Notkun ópíóíða fór hæst í 25,2 DDD/1.000 íbúa á dag árið 2016 en hefur frá árinu 2018 haldist nokkuð stöðug, á bilinu 20,5 til 21,6 DDD á hverja 1.000 íbúa á dag (mynd 3). Á mynd 3 má sjá að lyf í flokki blöndu kódeíns og parasetamóls eru mest notuðu lyfin í flokki ópíóíða eða 67% af því heildarmagni sem notað var af ópíóíðum árið 2021. Til þess lyfjaflokks teljast m.a. Parkódín og Parkódín forte. Aukning í notkun ópíóíða árið 2021 er að mestu bundin við lyf í flokki blöndu kódeíns og parasetamóls, en notkunin fór úr 13,6 DDD/1.000 íbúa á dag árið 2020 í 14,6 DDD/1.000 íbúa á dag árið 2021 (mynd 3).

Á mynd 4 sést afgreitt magn (DDD) á hverja 1.000 íbúa á dag og fjöldi einstaklinga á hverja 1.000 íbúa sem leysti út



Mynd 3. Afgreitt magn (DDD) ópíóíða á hverja 1.000 íbúa á dag (ATC flokkur N02A) greint eftir undirflokkum ópíóíða, 2013-2021. Heimild: Lyfjagagnagrunnur og Hagstofa Íslands (meðalmannfjöldi).

að minnsta kosti eina ávísun á ári af tilteknum undirflokkum ópíóíða á árunum 2013-2021. Þrátt fyrir að þeim hafi fjölgað sem fengu ávísað morfíni, oxýkódóni eða blöndu oxýkódóns/naloxóns milli árána 2020 og 2021 hefur sú fjölgun ekki aukið afgreitt magn þessara tilteknu undirflokka. Því má leiða að því líkur að hver einstaklingur hafi að jafnaði leyst út minna magn af lyfjum í þessum flokki árið 2021 samanborið við fyrri ár. Af þeim sem fá afgreitt oxýkódón þá fjölga þeim mest sem leysa út lítið magn (mynd 5). Flestir, eða um 76%, leysa út magn sem er innan við 10 DDD (hvert DDD samsvarar 75 mg. tekið um munn) árið 2021.

Samanburður á sölu ópíóíða á Norðurlöndunum

Dregið hefur úr sölu ópíóíða á Norðurlöndunum síðastliðin ár, að Noregi undanskildum, þar sem salan hefur verið nær óbreytt yfir lengri tíma. Árið 2020 var sala á lyfjum í flokki ópíóíða á Íslandi 22,5 DDD/1.000 íbúa á dag sem





er ríflega 24% meira en í Noregi sem er það land sem er næst á eftir Íslandi í seldu magni ópíóíða. Athyglisverður er sá mikli samdráttur sem orðið hefur á sölu ópíóíða í Danmörku en á undanförunum 15 árum hefur salan þar í landi dregist saman um 43,7% (mynd 6).

Þann mun sem er á seldu magni ópíóíða á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum má skýra með meiri notkun lyfja hér á landi sem innihalda blöndu parasetamóls og kódeíns. Hvað varðar aðra undirflokka ópíóíða má sjá að á Íslandi er minnst selt af náttúrulegum ópíumalkóíðum, en undir þann flokk falla m.a. morfín og oxýkódón. Einnig er sala búprenorfíns til verkjastillingar minnst á Íslandi. Sala á tramadólí er á pari við það sem er í Noregi en talsvert minni en í Danmörku þar sem hún er mest (mynd 7).

Skilgreindur dagskammtur lyfja, DDD (Defined Daily Dose), er ætlaður meðaltals daglegur viðhaldsskammtur við helstu ábendingum hjá fullorðnum.



16. árgangur. 3. tölublað. Mars 2022




Mynd 4. Afgreitt magn (DDD) á hverja 1.000 íbúa á dag (vinstri y-ás) og fjöldi einstaklinga á hverja 1.000 íbúa (hægri y-ás) sem leysti út a.m.k. 1 ávísun á ári af tilteknum undirflokkum ópíóíða, 2013-2021. Heimild: Lyfjagagnagrunnur og Hagstofa Íslands (meðalmanfjöldi).

Umræða

Embætti landlæknis hefur, ásamt öðrum stofnunum, beitt sér fyrir mótvægis- aðgerðum til að sporna við ofnotkun ópíóíða og til að bæta öryggi verkjalyfja-meðferðar á Íslandi. Allir læknar á Íslandi hafa aðgang að lyfjagagnagrunni þannig að erfiðara er fyrir einstaklinga að fara á milli lækna og verða sér úti um sömu lyf samtímis hjá fleiri en einum lækni. Til að notkun ópíóíða verði viðlíka því sem er meðal nágrannaþjóða okkar þarf hún að dragast saman hér á landi og á það sérstaklega við um notkun á Parkódín og/eða Parkódín forte.

Mikil fjölgun þeirra sem fá ávísað oxýkódóni eða blöndu oxýkódóns/naloxóns undanfarin ár vekur sérstaka athygli. Á árinu 2021 var það svo að af 4.209



Mynd 5. Fjöldi einstaklinga sem leysti út lyfjaávísun á oxýkódón (ATC flokkur N02AA05) greint eftir afgreiddu magni, 2008-2021. Heimild: Lyfjagagnagrunnur.




16. árgangur. 3. tölublað. Mars 2022

einstaklingum sem leystu lyfin út voru 1.801 eða 42% sem leystu lyfin út einu sinni. Sú spurning hlýtur að vakna hvort lyfjunum sé í einhverjum tilvikum ávísað áður en fólk finnur fyrir verkjum, t.d. eftir aðgerð. Lyfin séu svo jafnvel leyst út án þess að vera nokkurn tíma tekin. Þegar fleiri eru komnir með sterk verkjalyf heim með sér eykst hættan á því að afgangslýf komist í hendur á þriðja aðila.


Embætti landlæknis beinir þeim eindregnu tilmælum til lækna að eigi framangreint við verði þess gætt að:

- ávísa vægari verkjalyfjum fremur en ópíóíðum
- hafa hugfast að heimilt er að ávísa minna magni lyfs en sem nemur minnstu pakkningu. Læknir gæti þannig ávísað t.d. 5 forðatöflum af oxýkódóni, þurfi á annað borð að ávísa svo sterku verkjalyfi.

Ólafur B. Einarsson
Védís Helga Eiríksdóttir



Mynd 6. Heildarmagn af seldum ópíóíðum (DDD/1.000 íbúa/dag), (ATC flokkur N02A) á Norðurlöndunum, 2000-2020. Heimild: NOMESKO (byggt á sölutölum frá þeim löndum sem skilað hafa tölulegum upplýsingum um sölu lyfja til NOMESKO).



Mynd 7. Heildarmagn af seldum ópíóíðum (DDD/1.000/dag) (ATC flokkur N02A) árið 2020, greint eftir undirlyfjaflokkum. Heimild: NOMESKO (byggt á sölutölum frá þeim löndum sem skilað hafa tölulegum upplýsingum um sölu lyfja til NOMESKO).